

Samningur ríkis og sveitarfélaga á Helsinki-svæðinu um landnýtingu, húsnæðismál og samgöngur 2016-2019

Samningsaðilar

Ríkið: Samgönguráðuneytið, Umhverfissráðuneytið, Atvinnu- og viðskiptaráðuneytið, Fjármálaráðuneytið, Samgöngustofnun, Viðskipta-, samgöngu- og umhverfismiðstöðin í Uusimaa (sæn. Nyland), Fjármögnunar- og þróunarmiðstöð húsnæðismála (ARA).

Sveitarfélög á Helsinki-svæðinu: Espoo, Helsinki, Hyvinkää, Järvenpää, Grankulla, Kerava, Kirkkonummi, Mäntsälä, Nurmijärvi, Porvoo, Sippoo, Tuusula, Vantaa, Vichti.

Samstarf sveitarfélaga: Almenningsamgöngur á Helsinki-svæðinu (HSL)

Tilgangur og markmið samnings

Samningur þessi grundvallast á þeim markmiðum sem ríki og sveitarfélög á Helsinki-svæðinu hafa sett sér varðandi landnýtingu, húsnæðismál og samgöngur á Helsinki-svæðinu (MAL-samningur). Markmið samningsins er að samræma samfélags- og samgönguskipulag þannig að forsendur myndist til auka framboð á lóðum og húsnæði. Samningsaðilar skuldbinda sig til að vinna saman að því að ná markmiðum samningsins.

Tilgangur samningsins er að efla samvinnu milli sveitarfélaganna og milli Helsinki-svæðisins og ríkisins að sameiginlegum markmiðum. Aðalmarkmið samningsins er að samræma samfélagsskipulagið, koma á sameiginlegri húsnæðismálastefnu og skilvirku samgöngukerfi á öllu Helsinki-svæðinu.

Með samningnum skapast forsendur til að auka húsnæðisframleiðslu á Helsinki-svæðinu þannig að framboð sé í takt við eftirspurn. Í samningnum er tekið tillit til aukinnar húsnæðiseftirspurnar sem skapast hefur vegna mikillar fjölgunar innflytjenda og aukinnar eftirspurnar eftir lóðum. Þegar verið er að ákveða búsetuform er litið til aðstæðna á Helsinki-svæðinu, hvar þörfin er aðallega til staðar og hvar tækifærin liggja innan Helsinki-svæðisins.

Lóðanýting, byggingarframkvæmdir og samgönguskipulag er mótað heildstætt til að hægt sé að samræma samfélagsskipulagið og styðja við sjálfbært samgöngukerfi. Stutt er við uppbyggingu stafræns samgöngukerfis og það þróað með ýmsum tilraunum. Leggja skal áherslu á notkun raforku og ef til vill annarra sparneytinna orkugjafa í almenningsamgöngum.

Forsendur MAL-samnings Helsinki-svæðisins

MAL-samningur Helsinki-svæðisins 2016-2019 kemur í framhaldi af MAL-viljayfirlýsingu 2012-2015. Meginforsendur samningsins eru eftirfarandi:

- Ríkisstjórnarsáttmáli Juha Sipilä forsætisráðherra, verkáætlun og forgangsverkefni
- Landnýtingaráætlun Helsinki-svæðisins MASU 2050
- Samgönguáætlun Helsinki-svæðisins HLJ 2015
- Húsnæðisáætlun Helsinki-svæðisins 2025
- Landshlutaskipulag og aðalskipulög sem bundin eru í lög

Samningsaðilar líta báðir svo á að samningur sveitarfélaga Helsinki-svæðisins og ríkisins um stuðning stórra innviða- og húsnæðisverkefna sem undirritaður var haustið 2014 sé útgangspunktur þessa samnings.

Vaxtarsamningur sem gerður var milli ríkis og sveitarfélaga á Helsinki-svæðinu og aðrir samstarfssamningar ríkis og Helsinki-svæðis verða samræmdir með MAL-samningnum 2016-2019 þannig að allir þessir samningar styrki atvinnulífið og skapi skilyrði til þess að markmiðum MAL-samningsins verði náð.

Aðgerðir er varða landnýtingu, húsnæðis- og samgöngmál

Í þessum lið samningsins eru taldar upp aðgerðir er varða lóðanýtingu, húsnæðis- og samgöngumál og farið yfir fjármögnun þeirra. Eftirlit er haft með framkvæmd verksins og mat lagt á aðgerðir eins og lýst er undir liðnum *Mat á framkvæmd samnings og Gildistími samnings, áframhaldandi aðgerðir, endurnýjun og eftirfylgni*. Þær aðgerðir sem hafa verið samþykktar er skipt í eftirfarandi meginþætti:

- *Að koma til móts við byggingarpörf*
- *Samræming lóðanýtingar, húsnæðis- og samgöngmála*
- *Samgöngubjónusta og -innviðir*

Að koma til móts við byggingarpörf

Sameiginlegt markmið samningsaðila á samningstímabilinu er að byggja 60.000 íbúðir á Helsinki-svæðinu. Reiknað er með að byggðar séu 13.500 íbúðir árið 2016 og svo mun fjöldinn aukast um 1000 íbúðir á hverju ári. Árið 2019 verða því byggðar 16.500 íbúðir. Upplýsingar um samningsbundin markmið hvers sveitarfélags er varðar fermetrafjölda, markmið ARA-skrifstofunnar, forgangssvæði og mikilvægustu búsetuformin eru tilgreind í viðauka 1-3. Byggingarmarkmið er varða venjulegar, ríkisstyrktar vaxtastyrkjaleiguíbúðir til fjörutíu ára, íbúðir fyrir hópa með sérparfir, íbúðir með búseturétt og framleiðsla á nýjum skammtímavaxtastyrkjaleiguíbúðum er samanlagt u.þ.b. 30% af allri byggingarpörf Helsinki-svæðisins og í sveitarfélögunum í kring (KUUMA-sveitarfélögunum) er þetta hlutfall u.þ.b. 20 %.

Við ákvörðun byggingarmarkmiða var tekið tillit til atriða sem ekki snerta starfsemi sveitarfélagsins, t.d. efnahagssveiflna og ástandsins á húsnæðismarkaði.

Aðgerðir sveitarfélaganna

Sveitarfélög Helsinki-svæðisins skuldbinda sig til að ljúka við skipulagsáætlanir fyrir íbúðalóðir upp á 6,2 milljónir (þegar tekið er tillit til frávika á fyrri samningstíma) ferkílómetra á samningstímanum (að meðaltali 1,5 milljónir m² af húsnæði á ári) og að uppfyllt verði loforð um fjölda íbúða í hverju sveitarfélagi fyrir sig eins og fram kemur í viðhengi 1.

Sveitarfélög á Helsinki-svæðinu eiga við lóðarafhendingu og í lóðarnýtingasamningum að sjá til þess að um það bil 20% af markmiðum Helsinki-svæðisins fari til uppbyggingar venjulegra, ríkisstyrktra vaxtastyrkjaleiguíbúða til fjörutíu ára og til íbúða fyrir hópa með sérparfir. Sveitarfélögin sem eru lengra í burtu eiga við lóðarafhendingu að sjá til þess að 10 % af byggingarmarkmiðunum fyrir KUUMA-svæðið fari til uppbyggingar venjulegra, ríkisstyrktra vaxtastyrkjaleiguíbúða til fjörutíu ára og til íbúða fyrir hópa með sérparfir. Samið er um byggingarmarkmið fyrir venjulegar vaxtastyrkjaleiguíbúða til fjörutíu ára þannig að hlutfallið endurspegli stuðning ríkisins.

Forgangssvæði eru svæði sem eru aðgengileg þegar litið er til samfélagsgerðar, almenningsamgangna og þjónustu. Þegar forgangssvæði eru ákveðin er m.a. tekið tillit til svæðaskiptingar sem sett er fram í MASU 2050, svæðaskiptingu samgöngukerfis Helsinki-svæðisins og svæðakönnun Urban Zone.

Sveitarfélögin skuldbinda sig til að taka tillit til markaðsaðstæðna og tryggja skilyrði til þess að hægt sé að framkvæma skipulagsáætlanir og tryggja aðgang að lóðum í samræmi við markmið þessa samnings. Skilyrðið er að ríkið hafi framkvæmt þær aðgerðir sem eru valdi ríkisins.

Aðgerðir ríkisins

Ríkið veitir venjulegum vaxtastyrkjaleiguíbúðum til fjörutíu ára 10.000 **evru byrjunarstyrk** eða samtals minnst 10 milljónir evra á ári fyrir íbúðir sem byggðar eru á forgangssvæðum samningsins.

Ríkið veitir sveitarfélögunum **styrki til uppbyggingar innviða fyrir minnst 8 milljónir evra á ári á þeim svæðum sem eru í forgangi samkvæmt samningnum.** Áhersla er lögð á að styrkja innviði á þeim svæðum þar sem verið er að bæta við húsnæði.

Ríkið selur á hæfilegu verði þau svæði sem ekki þurfa lengur að vera í ríkiseigu. Fyrst skal reyna að selja til sveitarfélaga en ef það gengur ekki eftir má selja til annarra kaupenda sem ætla að eiga svæðin áfram. Lóðir sem ætlaðar eru til uppbyggingar leiguhúsnæðis í húsnæðisáætlun sveitarfélaganna selur ríkið á ARA-verði.

Ríkisfyrirtækið A-Kruunu lætur byggja venjulegar ARA leiguíbúðir á Helsinki-svæðinu sem eru vaxtastyrktar til fjörutíu ára. Með afhendingu lóða stuðlar ríkið að því að byggingarmarkmiðum verði náð.

ARA tekur allar ákvarðanir í samræmi við samninginn og beinir styrkjum að mestu leyti til búseturéttaríbúða á Helsinki-svæðinu.

Til að efla stuðning ríkisins við húsnæðisuppbyggingu er verið að undirbúa tíu ára blandaða leið fyrir leiguíbúðir.

Sambætting landnýtingar, búsetu og samgangna

Aðgerðir sveitarfélaga

Við skipulag lóðanýtingar, húsnæðis og samgangna reynir á samstarf sveitarfélaga.

Lóðanýtingaráætlun Helsinki-svæðisins (MASU 2050), húsnæðisstefnan og samgönguáætlun HLJ eru allar unnar fyrir eina starfræna heild. Helsinki-svæðið heldur áfram að vinna að sameiginlegri áætlun um lóðanýtingu, búsetu og samgöngur byggt á þeim grunni sem lagður var á fyrri samningstíma. Þegar verið er að athuga áætlanir eru markmið MAL-samningsins höfð í huga. Sérstakt samkomulag verður gert um undirbúning þessara áætlana og um þátttöku samningsaðila í undirbúningskostnaði.

Sveitarfélög Helsinki-svæðisins vinna að tímaáætlun um sameiginlegt aðalskipulag sem talað er um í grein 46. a í lóðanýtingar- og byggingarlögum. Á samningstímabilinu verður gerð úttekt á því hvort þörf sé á sameiginlegu aðalskipulagi fyrir svæði í öðrum sveitarfélögum á Helsinki-svæðinu og tímaáætlun fyrir slíkt starf.

Aðgerðir ríkisins

Ríkið og svæðisbundin yfirvöld á vegum ríkisins styðja framkvæmd samningsins innan valdsviðs síns.

Liðkað er fyrir skipulags- og byggingarleyfum til að einfalda og flýta fyrir byggingaframkvæmdum.

Þar að auki stefna samningsaðilar að því að draga úr kröfum almannavarnarlaga um sprengjuvarnarbyrgi og einfalda ákvörðunartökur húsnæðismálalaga til að einfalda framkvæmdir við viðbyggingar. Til dæmis á að athuga hvort hægt sé að slaka á kröfum um samræmi í útliti. Samningsaðilar hvetja til byggingar timburhúsa en það er eitt forgangsverkefna ríkisstjórnarinnar.

Samgönguþjónusta og -innviðir

Samningsaðilar hækka þjónustustigið á sjálfbærum samgöngumátum og skapa forsendur til að bjóða upp á stafræna þjónustu við fólks- og vöruflutninga.

Ríkið veitir styrki í lítil og afkastamikil samgönguverkefni (s.k. MAL-fjármagn) fyrir samtals 15 milljónir evra á samningstímanum og gerir ráð fyrir að sveitarfélögin leggi til samskonar upphæðir. Helmingur styrkjanna fer til Helsinki-svæðisins og helmingur til sveitarfélaganna í kring. Útgangspunkturinn er verkefnið Litlar og afkastamiklar aðgerðir (KUHA), sem komið var á fót í sambandi við HLJ 2015 (þemun voru: fótgangandi og hjólandi vegfarendur, almenningsamgöngur og bílastæði við samgöngustöðvar, vöruflutningar og þjónusta, þétting byggðar, hávaðavarnir). Með aðgerðum á þessum sviðum eflast afköst og öryggi samgönguskipulagsins á svæðum sem eru í örum vexti.

Ríkið veitir Helsinki-svæðinu styrk upp á 19 milljónir evra á öllum samningstímanum. Styrkurinn er veittur til að framkvæma aðgerðir sem kynntar eru undir liðnum „Samningsaðilar vinna að í sameiningu“ og á að efla endurnýjun og afköst miða-, greiðslu- og upplýsingakerfis sameiginlega samgöngukerfisins og skapa tækifæri til að búa til stafræna samgönguþjónustu. Fjármagnið sem fer í almenningsamgöngur á Helsinki-svæðinu kemur einnig frá ELY-miðstöðinni um almenningsamgöngur og frá farþegum lestarkerfisins.

Samningsaðilar skuldbinda sig til að fjárfesta í bílastæðum við samgöngustöðvar í samræmi við eftirfarandi kostnaðardreifingu. Verkefnaáætlun var unnin 2016 á vegum samgöngufyrirtækis Helsinki-svæðisins. Framlag ríkisins þegar kemur að uppbyggingu bílastæða við samgöngustöðvar er annaðhvort fært sem hluti stórra þróunarverkefna, sem MAL-fjármagn (lítil og afkastamikil verkefni) eða sem almenningsamgöngustyrkur.

Tafla 1. Kostnaðardreifing bílastæðaverkefna við samgöngustöðvar

	Sveitarfélagið sem byggir bílastæðið	Áfangastaður farþega	Heimabær farþega	Ríkið
A1 och A2 Svæði sem er mikilvægt fyrir allt Helsinki-svæðið	30-50 %	10-20 %	10-20 %	30-50 %
B Svæði sem hefur staðbundið mikilvægi	50-70 %			30-50 %
C Markmið bílastæðisins og aðeins hjólastæði	0-100 %			0-100 %

Ríkið veitir á tímabilinu 2017 til 2019 84 milljónir evra til **Spár-Jokern**, sem samsvarar 30% af upphaflegu kostnaðaráætluninni í verkefnaáætlun leiðarinnar. Sérstakt samkomulag var gert um nákvæmari útfærslu verkefnisins og um kostnaðardreifingu vegna breytinga á Ring 1 sem er hluti verkefnisins (kostnaðaráætlun 12 M€).

Þegar áætlun um **Centrumslingan** verður tilbúin (í byrjun árs 2017) verður lagt mat á tímaáætlun og fjármögnun verkefnisins. Hvað varðar fjármögnunina verður notast við vinnu sem unnin var haustið 2014 (Starfshópur um fjármögnunarlíkön fyrir Centrumslingan).

Á tímabilinu 2016-2019 byggja ríkið og sveitarfélögin veg við Klövskog I-v 132 (kostnaðaráætlun 42 M€). Samið verður um kostnaðardreifingu síðar.

Ríki og sveitarfélög á Helsinki-svæðinu halda áfram að undirbúa vegatolla sem eiga að hafa áhrif á notkun vega. Gengið er út frá því við undurbúning verkefnisins að þeir fjármunir som koma inn skuli fara í fjármögnun umferðarframkvæmda sem svæðið kemur sér saman um og að þessi fjármögnun muni ekki hafa áhrif á fjármögnun ríkisins á svæðinu til langframa.

Verkefni er varða þróun innviða samgöngufyrirtækis Helsinki-svæðisins 2016–2019 eru kynnt í viðauka 4.

Samningsaðilar sinna eftirfarandi atriðum í sameiningu:

- Innleiðingu á samræmdu og einstaklingsmiðuðu miða- og greiðslukerfi.
- Umfangi og gæðum farþegaupplýsinga í rauntíma, notkun opinna upplýsinga auk lausna sem byggjast á opnum kóðum.
- Skilvirkni ferðafyrirtækja, bæði á alþjóðlega vísu og innanlands, sérstaklega á miðlægum skiptistöðvum.
- Þróun Helsinki-Vantaa flugvallar sem mikilvægasta alþjóðaflugvallar landsins.
- Rekstri virkra almenningsgangna á Helsinki-svæðinu og myndun samræmds samgöngukerfis.
- Vinnu við að búa til viðmiðunarreglur um bílastæði fyrir stór farartæki.
- Auknu vægi nýrra orkugjafa í almenningsamgöngukerfinu.

Fjármögnun ríkisins sem lýtur að samgöngumálum er stjórnað heildstætt til að útkoman verði betri. Framkvæmda- og fjármögnunaráætlunin er unnin í ferlivinnu þar sem samningsaðilar vinna saman að samgönguáætlun sem er sífellt í endurskoðun.

Mat á framkvæmd samnings

Lagt er mat á framkvæmd samnings og samþykktra aðgerða með hliðsjón af markmiðum, bæði þegar litið er á allt Helsinki-svæðið og einstök sveitarfélög. Framkvæmdinni er fylgt eftir með því að líta á eftirfarandi þætti:

- Tilgangur og markmið samnings
- Byggingarþörf fullnægt
- Samfélagsgerð, skipulag og samhæfing landnýtingar og samgangna, betra skipulag og uppbygging
- Samgönguþjónusta og -innviðir

Skilyrði skuldbindingar og fjárframlags

Ríkið skuldbindur sig til að fylgja þessum samningi með ákvörðun ríkisráðs vorið 2016. Í þessari ákvörðun er vilji ríkisins og stuðningur við mismunandi samningsgerðir sem rúmast innan opinberra fjárlaga staðfestur. Fjármögnun ríkisins er bundin afgreiðslu þingsins.

Skilyrði ríkisins til að skuldbinda sig þessum samningi er að sveitarfélögin hafi sjálf framkvæmt þær aðgerðir sem tilgreindar eru í samningnum og falla undir verksvið þeirra. Skuldbinding sveitarfélaganna byggist á sama hátt á því að ríkið framkvæmi þær aðgerðir sem tilgreindar eru í samningnum.

Gildistími samnings, framhald aðgerða, endurnýjun og eftirfylgni

Samningurinn gengur í gildi eftir að samningsaðilar hafa samþykkt hann. Samningurinn gildir til ársloka 2019.

Framkvæmd samnings er fylgt eftir með árlegum fundi sem fulltrúar samningsaðila sitja. Skrifstofa MAL sér um undirbúning fundarins. Vinnuhópur sér um að safna saman upplýsingum og fylgja framkvæmdum eftir. Samstarf sveitarfélaganna um umhverfisþjónustu (HSY) ber ábyrgð á að safna saman viðeigandi upplýsingum um framkvæmd samningsins í samstarfi við samningskrifstofuna.

Vegna mikilla samfélagsbreytinga, sérstaklega vegna mikillar fjölgunar innflytjenda, skal ef þörf þykir útbúa yfirlit yfir stöðu samningsins fyrir þann tíma sem eftir er af samningstímabilinu. Þetta á að gera í tengslum við stöðufundi.

Markmið samningsaðila er að halda áfram að þróa MBT-samninginn til að efla áhrif hans. Áður en þessi samningur rennur út 2019 undirbúa samningsaðilar nýjan samning er varðar lóðanýtingu, húsnæðis- og samgöngumál.

- Viðauki 1 Íbúðarstærð fyrir þær íbúðarlóðir sem verið er að skipuleggja í sveitarfélögunum á Helsinki-svæðinu og markmið húsnæðisuppbyggingarinnar 2016-2019
- Viðauki 2 Forgangsmál er varða skipulag á Helsinki-svæðinu 2016-2019
- Viðauki 3 Forgangsmál er varða húsnæðisuppbyggingu á Helsinki-svæðinu 2016-2019
- Viðauki 4 Verkefni er varða þróun innviða samgöngufyrirtækis Helsinki-svæðisins (HLJ) 2016-2025

